

**Ed.**

## **175. Nefndarálit**

um frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Transamerican Airlines Corporation leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp þetta var borið fram í neðri deild af samgöngumálanefnd og tók þar nokkrum breytingum.

Sú ástæða er fyrir frv., að félag eða félagasamband í Bandaríkjunum Norður-Ameríku hefir ákveðið að koma á loftsamgöngum milli Ameríku og Evrópu eftir hinni svonefndu norðurleið, þ. e. um Grænland, Ísland og Færeyjar til Kaupmannahafnar og Lundúna. Samgöngur slíkar sem þessar eru tiltölulega nýjar og því lítt þekktar hér á landi, en þó nægilega mikið til þess, að fyrirfram er það vitanlegt, að þær munu, einkum í byrjun, reynast fjárfrekar, og að þeir, sem hafa þær með höndum, eiga yfir höfðum sér allmikla fjárhagslega áhættu. Frumvarpið gerir líka fullkomlega ráð fyrir, að frá hálfu íslenska ríkisins verði á þessar ástæður litið. Er ætlað til, að félaginu verði veitt undanþága frá miklum almennum gjöldum, hæði til ríkis og sveitarfélaga, hin sérstaka gjaldskylda eftir frv. er lítil og léttbær, í það minnsta fyrir fyrstu 10 árin, og félaginu auk þessa gefin þýðingarmikil einkaréttindi fyrstu 15 árin.

Samgöngumálanefndin vill fallast á þessar ráðstafanir, einkanlega að því leyti, sem ætla má, að þeirra sé þörf til stuðnings fyrirtækinu í byrjun.

Hinsvegar litur nefndin svo á, að þau ákvæði 2. gr., er ræða um heimild félagsins til að eignast hér land, séu óþarflega rúm. Einnig telur nefndin rétt, að leyfistíminn verði styttri en hann er ákveðinn í 7. gr.

Verður í framsögu gerð nánari grein fyrir breytingartillögnum.

Leggjum vér til, að frv. samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGUM.**

1. Við 2. gr. 2. töluliður orðist svo: Að öðlast, að fengnu samþykki atvinnu-  
málaráðherra í hvert skipti, eignarrétt eða o. s. frv.
2. Við 6. gr. Orðin „svo og um fasteignir þær, er hann átti hér í árslok“ í 2.  
másl. 2. málsgr. falli burt.
3. Við 7. gr. Fyrir „75“ komi: 50.
4. Við 8. gr. Niðurlag gr. orðist svo: til flutninga á mönnum, pósti eða varn-  
ingi fyrir borgun.
5. Við 11. gr. Í stað: „Ákveða má“ í byrjun greinarinnar komi: Ákveða skal.

Alþingi, 14. marz 1932.

Páll Hermannsson, H.Steinsson, Ingvar Pálmason.  
form. og frsm. fundaskrifari.